

Einar E. Sæmundsen.

DAGEÓKARSKÝRSLA SUMARID 1921.

## Dagbókarskýrsla sumarið 1921

---

Í öndverðum júnímánuði var Eyjólfur Guðmundsson, bóndi í Hvammi á Landi á ferð á Selfossi og mæltist til þess við mig, að ég að ég yrði bráðlega á ferðinni bar efra og sæi umskógarhögg á Merkihvöli. Simaði ég þá til Skógræktarstjórans og fékk samþykki hans til fararinnar, en við Eyjólfur kváðum á um stefnum dag.

Um sama leyti fékk ég og orð frá Oddi bónda á Heiði á Rangárvöllum, þar sem hann óskæði eftir að ég færí með sér um Næfurholtskoga. Hafði Oddur þá nýlekið við eftirliti og umsjá skóga þessara, en Guðmundur á Stóra-Hofi látið af því starfi og vildi Oddur að eg athugaði með sér skógana, eða ástand þeirra, eins og það væri, er hann tæki við. Sá ég þá bezt að gera þetta í sömu ferðinni og inn á Merkihvöld og skrifabíði Oddi þar að lútandi.

### 14. júní

Fór ég frá Selfossi eins og leið liggur upp að Hvammi á Landi.

### 15. júní

Fór ég frá Hvammi við 10 manns inn á Merkihvöld og var unnið þar að skógarhöggi um daginn. Var á Galtalæk um nóttina.

### 16. júní

Var ég á Merkihvöli fram eftir deginum. og voru alls höggnir um ca 30 hestburðir, bæði grisjað og höggnar tvær brautir með sama millibili og áður hafði gert verið. Sömuleiðis tók ég upp nokkrar plöntur, sem fluttar voru fram að Múla og gróðursettar þar.

Seinni hluta pennann dag kom Oddur á Heiði og fór ég með honum yfir í torfur. Fórum við fyrst um instu torfuma en þar heita Geldinga- Keldu- og Hvolstorfur.

Í Geldingarlækjartorðu hefir skógvirinn vaxið mikið síðustu 8 árin og ekki höggið þar neitt þar til nú að tekið var á 8 hesta. Er þar sumstabár kominn dálaglegur dragnaviður. Sömuleiðis er alltaglegur skógur í keldnatorfu en hefir ekki verið yrktur til nokkura ára. Hvolstorfa er lístil og kjarríð lágvaxið. Þó mætti grisja þar nokkuð.

Í Vatnsdalstorfu beið okkar Auðunn í svínhaga sem eftirlit hefir með torfunni fyrir eiganda hennar, Guðjón bónda í Vatnsdal. Fórum við um hana nokkuð. Hefir mikið verið höggið þar og víðast hvar fremur illa um gengið, rjóbafelt en minna grisjað, enda eru allir skógar þessir kræklóttir, limamargur og ljótur og mönnum því nokkur vorkunn þó þeir sæðist eftir því skársta. Þó væri sjálfsagt að sýna meiri viðleitni í því að grisja heldur en gert hefir verið.

Látum við þá staðar numið með athuganirnar pennann dag, því Oddur átti von á mönnum framan að og þótti þá rétt að koma þeim til leiðbeininga daginn eftir. Fórum við svo að Galta-læk og vorum þar nöttina.

### 17. júní

Fórum við Oddur inn í Torfur og var Auðunn þar fyrir. Voru tveir menn komnir er skóg sóttu í Gunnarsholtstorfu á nokkra hesta. Vorum við hjá þeim dálitla stund og leiðbeindt með þeim. Er þar skógur nokkur, en hefir lítið verið yrktur. Sögbú menn þessir að fleiri væru ekki væntanlegir þarna og svo við héldum eftirliti okkar áfram. Hofstorfur eru næstar þar hefir dálitið verið höggib og ekki mjög óvandlega.

Í Myrkviði og Heimaskógi hefir og nokkurt verið höggib og sumstaðar falli mikið aðgert. Þó hefir þar verið grisjað sumstaðar og ekki mjög illa.

Þaðan héldum við í Hraunteig. Þar hefir lítið verið tekid síðan ég var þar síðast haustið 1918. En beitin hefir þá gert sinn skáða á lágskógunum og sá ég talsverðan mun til hins verra. Við grisjubum 5 hestburði vestur undir ánni og við svæði það er grisjað var 1918.

Að því loknu Héldum við fram úr og náði ég að Geldingarlæk um kvöldið.

Fannst mér Oddur talsvert áhugasamur um hirðing skógana og ekki ólíklegt að hann verði þá að einhverju líði. Hann vill lata taka upp skógin og notandi borgi þá vinnu. Með því einu, og engu öðru, verði fyrst byggt fyrir að skóginum verði misboðið.

### 18. júní

Hélt ég svo heim. Til ferðarinnar höfðu farið 5 dagar.

Áður en ég skilst við ferð þessa vildi ég hnýta hér aftan við nokkrum athugasemnum viðvikjandi Merkihvol og skógunum þar.

Skógur þessi er í miklum blóma, en þarfnaðast bráðar grisjunar. Svo er hann péttvaxinn víða beinn en grannur, en bændum þykir tæplega, borga sig enn að grisja hann nema á sína vísu. Taka stærstu hyglurnar og beinvöxnustu, með því líka að stutt er yfir ím ána í Næfurholtskóga. Þar þykir gott til viðarfanga, skógur þar víða sterri, en þó langt um odýrarí.

Vætti mikil þöri að girða Merkihvoljog það fyr en síðar og liggja þar til þessar ástæður.

Í fyrsta lagi er skógur þessi svo proskavænlegur að hann má að ýnsu leyti telja með fegurstu ungskóginum austanfjalls. Myndi hann og fljótlega vaxa og proskast bæði til gagns og prýðis, yrði hann girtur og grisjaður þeir blettir sem grisjaðir hafa verið áður, syna að þetta er rétt athugab.

Í öðru lagi liggur skógurinn fyrir saubatunni að innan og hefur eyðst af honum norðvestanmeginn, þá að það hefi minkað síðari árin, eða síðan sandgræðslan lét hlada garð nokkurn skóginum til varnar.

Í þriðja lagi verður skógurinn fyrir miklum átroðningi, en enda liggur hann fyrir allri umferð neðan úr sveitinni, en hún er miðil bæði að sjálfráðu fé, sem til afréttar leitar á vorum.

Svo og rekstrum, sem áður þar með bæði haust og vor. allt þetta tefur fyrir skóginum, þroska hans og vexti. EN yrði girt myndi skógurinn losna við allan átroðning, því sjálf sagt væri að flytja veg þann sem nú líggur um Merkihvíl vestur fyrir hið girta svæði og yrði öll umferð þá eftir sandinum þar. Þar er líka mjög hægt um vik að gera vagnfaran veg alla leið fram að Galtalak, svoghægra yrði um alla flutninga heldur en nú, þar sem eingöngu er reitt á klökkum.

En yrði girt, og að því hlýtur að reka fyrr en síðar, þá ersjálf sagt að girta með velli nokkura sem liggja með Ranga innan við skógin, því þangað myndi skógurinn breiðast með friðunnninni og skóglendið stækka.

Þá má og geta þess að þarna er alstaðar góður sandur sem nota mætti í máttastólpa (steinsteypustólpa) er allt virðist benda til þess að framhlid girðingar okkar verði að byggjast á einhverju varanlegra efni heldur en hingað til, og er þá næst að hugsa um að steipa alla máttarstólpa og horn.

Besaar athugasemdir þótti mér hlýða að láta fylgja með skýrslu þessari ef ske mætti að rétt þætti að athuga girðingarstæði þetta og undirbúning málsins að örðru leyti.

=====

Pingvallaferðin

22. júní

Hélt ég frá Selfossi og upp á Þingvöll til þess að gera við girðingar þær, sem var eru og þótti rétt að hraða slíkri aðgerð áður en konungsheimsókninn stefndi mönnum saman. Hafði ég símleiðis þá fyrir óimorgum dögum síðan fallið Jóhanni í Skógarbotni allan undirbúning verksins, sem aðallega var í því fólgin að taka upp austari girðinguna og flytja úr og bruklega staura til hinna briggja girðinganna, en upp á þær atti að dubba. Þetta hafði Jóhann gert, en hins vegar atti hann líka að hafa menn til handa mér. En það hafði gengið ver, því þá var svo að segja unnið nætur og daga hjá öllum sem vettlingi gátu valdið að konungsheimsókninni, er þá þótt nokkuð komin í eindaga.

23. júní

Fór ég víða um Þingvallasveit pennann dag til þess að ná mér í menn og fékk loforð fyrir 3 -4 en gjalda varð ég kr. 1.35 á tímann fullkomnum mönnum en gilda atti kaup það eins fyrir eftirvinnu og sunnudagavinnu. Fékk ég svo two menn til þess að byrja pennan dag og fórum við að losa vírinn af stólpunum í Vallargirðingu.

24. júní

Unnið var við sömu girðingun, teknir upp ónýtir staurar og járnstaurar látnir í staðinn.

24. júní

Unnið að hinu sama, og byrjað að strengja. Sóttist vel pennan dag, enda hafði ég 5 menn og unnið fram á kvöld.

26. júní

Pennan dag unnið frá morgni til kvölds þó að sunnudagur væri. Lokið við að strengja og festa upp á staura, en annars eftir að siga og ganga frá hliðinu sem ókomið var. Um miðnætti skrapp ég til Reykjavíkur í bifreið, en sagði mönnum mínum fyrir að byrja á girðingunnu við brúna á Flosagjá morguninn eftir.

27. júní

Hitti ég skógræktarstjórnann og fékk hjá honum peninga. Brá mér svo austur seinni hluta dagsins fög höfðu menn mínir þá lokið við gjáá girðinguna svo að ekki var meira að henni gert. Um kvöldið og fram yfir miðnætti, bættum við svo betur um Vallargirðinguna, en gátum ekki loki'henni.

## 28. júní

Hátíðisdagur á Þingvöllum og koma komungsins þangað. Var þá lokið vinnu í bráð á Þingvöllum og hafði tilhennar og ferðarinnar farið 7 dagar.

Lenti ég svo með konungsleibangrinum, austur um sveitir og lauk þeirri ferð minni við Ölfusá. Var ég þar svo fáeina daga, tafðist meðal annars við að leita að hestí, sem mér hafði horfið úr förinni. Ænnig komst ég eftir því símleidis að menn lægju í innflúensu upp á Þingvallavasveit og myndi því erfitt að fá menn þar.

## 9. júlí

Hélt ég frá Selfossi og áleiðis upp á Þingvöll. Fór ég að Laugarvatni um Kvöldið.

## 10. júlí

Skobæti ég girðinguna í Laugardal, vildi vita hvernig hún stæði ef ske kynni að þyrfти að gera við hana og datt því <sup>hug</sup> að bezt myndi að gera það að afloknum störfum á Þingvöllum. Í Ketilhöfða var húnslitinog gat ég lappað við það til brábabirgðar. Að öðru leyti stóð hún ágætlega, þ.e., a.s. sá kaflinn sem ég gerði við í fyrra haust. En vitanlega þarf að við það sem eftir varð í fyrra, en það er upp með Stóragili frá álmunni út að Laugarvatni og upp í Stórhöfða. Út að Skógarkoti hélt ég um daginn.

## 11. júlí

Fór ég enn um Þingvallasveit í mannaleit, en varð lítið ágengt, því víða lágu menn enn í innflúensu. Fékk ég þó Jónas í Hrauntúni með mér og byrðum við lítilsháttar.

## 12. júlí

13. "

14. "

15. "

Var ég svo á Þingvöllum að gera við girðingarnar. Kom í ljós að austustu fjallfurugvirðinguna burfti alla að taka upp. Allir hornstaurarnir onýtir og flestir millistólparnir að engu nýtir. En efni til aðgerðar hafði ég nú úr hinum girðingu, bæði úr þeirri, sem alveg var upplekin, svo og Vallargirðingunni, eikarstólparnir sumir reyndust nothæfir. En öll þessi vinna sóttist mér seint, því menn fékk ég ekki ~~égi~~ ekki til hjálpar nema í two daga og suma ekki nema part úr degi. Var og komið að slætti en en nóg að gera heima fyrir, áður en hann byrjaði.

### 16. júlí

Brá ég mér til Reykjavíkur, til þess að hitta Skógræktarstjóraðg fá hjá honum peningar til þess að greiða vinnulaunin. En hann bjóst við að verða brjðabum á ferðinni þar eystra og koma þá með peningana.

### 17. 18. júlí

Var ég svo í Reykjavík.

### 19. - 25. júlí

Fór ég austur á Þingvöll. Vann ég svo áfram á Þingvöllum og hafði oftast nær Jónas í Hrauntúni með mér. Fékk þó menn hjá Matthiasi Þórðarsyni, fornmynjaverði dagsstundir tvær, til þess að hjálpa okkur til þess að strengja austustu girðinguna. Að öðru leyti var lokiðvið girðingarna, og var ég serstaklega vel ánægður með Vallargirðinguna og þá austustu, þær eru nú sem nýjar, vandaðar vel, og munu þola alllengi. Aftur á móti var ekki eins vandað til miðgirðingarinnar, enda mun ekki svara kostnaði að halda henni við. Þær er fjallfurðan í litlum blóma enda skiyrðin slæm. Eftir er að taka upp eina álmuna af austustu girðingunnu. (Þeirri sem algörlega var upptekin og ónýtt)

Pennann dag (25. júlí) fékk ég símskeyti frá Eggerti í Laugardælum, að hann væri lagður á stað á hrossamarkað austur undir Eyjafjöll og vonaðist eftir mér á eftir sér. Þóttist ég nú í vanda staddur, þar sem skógræktarstjórin var enn ekki kominn. Lét ég þá leita að honum símleibis í Reykjavík en fékk að svar að hann væri ekki í bænum. Var þá spurt um hann á Geitabergi, en þær hafði ekki orðið hans vart. Tók ég þá það ráð að skrifa honum og segja hvað í efni væri og létt brefíð býða hans á símstöðinni í Valhöll, svo hann fengi það, er hann kæmi þangað.

Höfðu þá til seinni ferðar minnar og veru á Þingvöllum farið 17. dagar.

### 26. júlí

Fór ég svo í markaðstúr ausur undir Eyjafjöll og kom til Reykjavíkur 4. ágúst.

6. águst

Hitti ég skógræktarstjórn og talaðist þá svo um að ég færi með honum austur í Laugardal, þriðjudaginn 9. ágúst en það dróst fram á föstudag og beið ég þann tíma í Reykjavík.  
( samtals 6 daga )

12. águst.

Héldum við austur. Áðum á þingvöllum, borguðum þá sumum mönnum og skoðuðum girdingunnar. Að Laugarvatni héldum við um kvöldið

13. - 19. águst.

Unnið við landmælingar í Laugarvatns- og Snorristaðagirðingunum og töfðumst vegna rigningar. ( Samtals 8 dagar )

20. águst.

Haldið frá Laugarvatni og út á þingvöll. Hélt skógræktarstjóri áfram en ég varð eftir í Skógarkoti.

21. águst.

Sunnudagur og beiljandi slagveðurs-rigning. Hreyfði ég mig hvergi.

22. águst.

Hélt ég suður til Reykjavíkur. ( Samtals 3 dagar )

Var ég svo í Reykjavík og beið eftir hví að fara með Skógræktar-stjóranum upp í Vatnaskög. En það dróst að hann yrði ferðbúinn 30. águst fékk ég bréf frá skógræktarstjóranum dagsett 29. Þar sem hann tilkynnti mér að ég ætti ekki að fara upp í Vatnaskög. Sá ég þá ekki annað réttara en að fara austur og heim til míni að Selfossi.

1. september.

Fór ég upp að Lögbergiog austur að Selfossi daginn eftir. Höfðu þá í biðinna og ferðinna farið 11 dagar.

12. okt.

Fór ég suður að Vifilsstöðum og hlúðir þar að fræplöntum. Fékk ég mann hjá ráðsmanninum mér til aðstoðarjög lukum við þessari aðhlynningu. Í bifreið var ég báðar leiðir.

Reykjavík 1. nóv. 1921

Einar Sæmundssen